

**5**

**Umferðaröryggisúttekt  
Hringvegur,  
1\_m2 – 1\_m5**



27.06.2014

## Flokkun gagna innan Vegagerðarinnar


Flokkur	Efnissvið	Einkenni (litur)
1	Lög, reglugerðir, og önnur fyrirmæli stjórnvalda	Svartur
2	Stjórnunarleg fyrirmæli, skipurit, verkefnaskipting, númeraðar orðsendingar	Gulur
3	Reglur, alm. verklýsingar, sérskilmálar	Rauður
4	Handbækur, leiðbeiningar	Grænn
5	Greinargerðir, álitserðir, skýrslur, yfirlit	Blár
Ú	Útboðslýsingar	

## EFNISYFIRLIT:

1 Inngangur .....	2
2 Úttektarhópur og úttektarferli .....	2
3 Gögn .....	3
4 Slysagreining og mikilvægar upplýsingar .....	3
5 Samantekt um úttektina .....	7
6 Kostnaðaráætlun .....	9
Fylgiskjal .....	11

## 1 Inngangur

Hringvegur kafla 1-m2 er 13,26 km langur, kafla 1-m3 er 11,32 km langur, kafla 1-m4 er 8,95 km langur og kafla 1-m5 er 14,17 km langur. Þeir voru allir skoðaðir í heild sinni í þessari úttekt. Þessir kaflar tilheyra Norðursvæði Vegagerðarinnar. Kafla 1-m2 liggur frá Skagastrandarvegi (74-01) suðaustur að Hvammsvegi (7378-01). Kafla 1-m3 liggur frá Hvammsvegi (7378-01) suðaustur að Svínvetningabraut (731-03). Kafla 1-m4 liggur frá Svínvetningabraut (731-03) austur að Víðivörðuási, veðurstöð (mastur). Kafla 1-m5 liggur frá Víðivörðuási, veðurstöð (mastur) austur að Skagafjarðarvegi (752-01). Hringvegur er stofnvegur. Ársdagsumferð, ÁDU, árið 2012, á þessum vegköflum var 743 - 795 bílar á sólarhring, sjá nánar töflu 1. Leyfilegur hámarkshraði er 90 km/klst.



Mynd 1 Hringvegur kaflar 1-m2, m3, m4 og m5

## 2 Úttektarhópur og úttektarferli

Í úttektarhópnum voru Auður Þóra Árnadóttir, forstöðumaður umferðardeildar Vegagerðarinnar, Sigurður Björn Reynisson, verkefnastjóri á áætlanadeild Vegagerðarinnar og Guðni P. Kristjánsson, verkfræðingur hjá Hnit verkfræðistofu.

Enginn sérstakur undirbúningsfundur var haldinn en það var ákveðið að gera vettvangsskráninguna og vettvangsskoðunina í einni ferð. Úttektarhópurinn sá um vettvangsskráninguna og vettvangsskoðunina og fór hún fram 10. – 12. september 2013.

Sigurður sá um akstur og mælingar, Auður og Guðni mátu aðstæður og komu með tillögur að úrbótum og Auður sá um skráningu í vettvangsskráningarkerfið og tók ljósmyndir. Guðni vann úr gögnunum og gerði uppkast að skýrslunni, Jón Hjaltason teiknaði kort og yfirlitsmyndir en Auður og Katrín Halldórsdóttir, verkfræðingur á umferðardeild, sáu um 4 kaflann og yfirlúna skýrsluna.

## 3 Gögn

Gögnin sem úttektarhópurinn var með voru Veghönnunarreglurnar, Umferð á þjóðvegum og Umferðaröryggisúttekt vega, leiðbeiningar.

## 4 Slysagreining og mikilvægar upplýsingar

Á tímabilinu 2008-2012 urðu 103 umferðarslys á kafla 1\_m2 - 1\_m5 á Hringvegi, sjá mynd 2. Þau skiptust þannig að á kafla 1\_m2 urðu 38 slys, á kafla 1\_m3 urðu 21 slys, á kafla 1\_m4 urðu 19 slys og á kafla 1\_m5 urðu 25 slys.

Meðalslysátíðnin á einstaka köflum á tímabilinu var eftirfarandi:

1\_m2: 1,77 slys á milljón ekinna km

1\_m3: 1,23 slys á milljón ekinna km


1\_m4: 1,39 slys á milljón ekinna km

1\_m5: 1,21 slys á milljón ekinna km


Meðalslysátíðnin á köflunum í heild sinni á tímabilinu var 1,41 slys á milljón ekinna km. Til samanburðar var meðalslysátíðnin á þjóðvegum (þ.e. stofn-, tengi- og landsvegum) í dreifbýli 0,97 slys á milljón ekinna km á tímabilinu 2008-2012 og meðalslysátíðni á Hringveginum var 0,87 slys á milljón ekinna km á sama tímabili. Meðalslysátíðnin á kaflanum sem tekinn var út er því töluvert hærri en gengur og gerist.

Í 36 tilvikum urðu meiðsli á fólki þar af dauði í 3 tilvikum og mikil meiðsli í 6 tilvikum. Dagsbirta var í 44% tilvika og myrkur í 28% tilvika (birtuskilyrði voru óljós í 27% tilvika). Ástand vegarins þegar slysin urðu var óljóst í 27% tilvika en hálka var í 24% tilvika og ísing í 16% tilvika. Rúmlega helmingur slyssanna var útafakstur, eða 57 tilvik. Í 12 tilvikum var bifreið ekið framan á aðra, í 17 tilvikum var ekið á dýr, í 6 tilvikum var bifreið ekið aftan á aðra, í þremur tilvikum var ekið á fastan hlut á akbraut, í tveim tilvikum var ekið á hlið bifreiðar, í tveim tilvikum var ekið á kyrrstæða bifreið, í tveim tilvikum varð óhapp við steinkast, í einu tilviki var ekið á vegrið eða umferðarmerki og í einu tilviki var hola eða hóll á veginum (slæmur vegur).

# Umferðaröryggisúttekt vega




Mynd 2 Umferðarslys á Hringvegi, kafla 1-m2




Mynd 3 Umferðarslys á Hringvegi, kafla 1-m3



# Umferðaröryggisúttekt vega



Mynd 4 Umferðarslys á Hringvegi, kafla 1-m4



Mynd 5 Umferðarslys á Hringvegi, kafla 1-m5

Á vegkafla m2 urðu meiðsli á fólki í átta slysum, þar af urðu mikil meiðsli á fólki í þrem tilvikum, öll að vori til, eða snemma sumars, í dagsbirtu. Í einu tilvikinu missti ökumaður stjórn á bifreið í lausamöl sem var á veginum og ók útaf beinum vegi hægra megin. Í öðru tilvikinu missti ökumaður stjórn á bifreið vegna hálfu með þeim afleiðingum að bifreiðin fór yfir á rangan vegarhelming og lenti framan á bifreið sem ók í gagnstæða átt. Í þriðja tilvikinu sofnaði ökumaður undir stýri með þeim afleiðingum að hann ók út af beinum vegi hægra megin.

Á vegkafla m3 urðu meiðsli á fólki í 10 slysum, þar af eitt banaslys og tvö slys þar sem urðu mikil meiðsli á fólki. Banaslysið gerðist um kvöld í ágúst þegar hjólbarði hægra megin að framan sprakk á vörubifreið með flatvagn í eftirdragi. Við það missti ökumaður stjórn á bifreiðinni sem fór útaf veginum til hægri, niður 20° brattan fláa. Slysið gerðist þegar bjart var úti, lítil vindur og þurr. Í öðru tilvikinu þegar mikil meiðsli urðu á fólki var ísing á vegi sem varð til þess að ökumaður missti stjórn á bifreiðinni og ók út af beinum vegi hægra megin. Slysið átti sér stað í myrkri í byrjun nóvember. Í hinu tilfallinu missti ökumaður stjórn á hópbifreið vegna vindhviðu og hálfu og ók út af beinum vegi hægra megin. Slysið átti sér stað í lok október í dagsbirtu.

Á vegkafla m4 urðu meiðsli á fólki í átta slysum, þar af eitt banaslys og í einu tilviki urðu mikil meiðsli á fólki. Banaslysið gerðist um kvöld í desember þegar vörubifreið með tengivagn mætti vöruflutningabifreið með tengivagn. Tengivagn vörubifreiðarinnar á leið norður fór yfir á öfugan vegarhelming og rakst í vinstra framhorn vöruflutningabifreiðarinnar á leið suður. Slysið varð á beinum vegkafla í myrkri og frosti en vegurinn var hálkulaus. Slysið, þar sem mikil meiðsli urðu á fólki, átti sér stað að sumri til í dagsbirtu og þurr var úti. Ökumaður missti stjórn á bifreiðinni sem endaði utan vegar.

Á vegkafla m5 urðu meiðsli á fólki í 10 slysum, þar af eitt banaslys. Banaslysið gerðist að morgni til í júlí þegar ökumaður missti stjórn á bifreið sinni með þeim afleiðingum að hún fór út af veginum, niður brattan vegfláa og lenti harkalega á lækjarbakka. Bjart var úti, lítil vindur og skúrir þegar slysið gerðist. Umhverfi vegarins þar sem slysið varð er ekki gott, hár og brattur flái er við veginn ásamt lækjarbakka við stórgrýttan lækjarfarveg.

Slysatíðnin var mest á vegkafla m2 á tímabilinu. Þrátt fyrir það urðu ekki fleiri slys á m2 þar sem meiðsli urðu á fólki en á hinum vegköflunum. Út frá slysgreiningu sem unnin var í ArcGIS komu út 3 staðir á vegkaflanum sem uppfylla eftirfarandi skilyrði: fleiri en 5 slys, meðalslysatíðni a.m.k. tvisvar sinnum hærri en á sambærilegum vegum og um alvarleika slysa gildir að a.m.k. eitt slys hafi orðið þar sem bani hlaust af eða mikil meiðsli urðu á fólki. Sá staður sem kom verst út er á vegkafla m2 frá stöð 1000-2000, þar urðu 8 slys. Þar af urðu mikil meiðsli á fólki í einu tilvikinu. Sá staður sem kom næst verst út er þar sem vegkaflar m4 og m5 mætast, frá stöð 8500-500. Þar urðu 7 slys á tímabilinu, þar af eitt þar sem mikil meiðsli urðu á fólki og 2 þar sem lítil meiðsli urðu á fólki. Þriðji vegkaflinn sem uppfyllti skilyrði slysgreiningarinnar er á vegkafla m3 frá stöð 6750-7750 og þar urðu 6 slys á tímabilinu, þar af alvarleg meiðsli á fólki í einu tilviki og lítil meiðsli á fólki í einu tilviki.

Í rúmlega helmingi tilfella slysa þar sem meiðsli urðu á fólki var hálfu eða ísing á vegi. Það undirstrikar mikilvægi þess að hálfuverja veginn. Eins og áður kom fram var rúmlega helmingur slysa útafakstur og í 83% slysa þar sem meiðsli urðu á fólki var um útafakstur að ræða. Því er mikilvægt að útfæra umhverfi vegarins þannig að alvarleg slys verði ekki á fólki þó að það lenti út af vegi.



Í töflu 1 eru sýnd grunngögn sem eiga við úttektarkaflana.

**Tafla 1 Grunngögn**

Veg- og kaflanúmer og stöð í km		Leyfilegur hámarks- hraði (km/klst.)	ÁDU (fjöldi bíla á sólarhr.)	Lágmarks- breidd öryggissvæðis (m)	Lágmarks- stöðvunar- lengd (m)	Lágmarks- framúr- aksturslengd (m)
Byrjun	Endir					
1_m2_0,00	1_m2_13,26	90	795	7	147	575
1_m3_0,00	1_m3_11,32	90	774	7	147	575
1_m4_0,00	1_m4_8,95	90	766	7	147	575
1_m5_0,00	1_m5_14,17	90	743	7	147	575

## 5 Samantekt um úttektina

Niðurstöður úttektarinnar eru í fylgiskjölum hér fyrir aftan. Þar er varhugaverðum atriðum sem fundust lýst með upplýsingum um staðsetningu (lengd í línu) og ljósmyndum, ef til eru, auk þess sem tillögur til úrbóta eru tilgreindar.

Stærsti kostnaðarliðurinn er vegrið sem vantar og nemur um 67% af heildinni, sjá töflu 6. Kostnaður sem tengist fyrst og fremst lagfæringum á vegfláa með því að fylla í hann en einnig fyllingu skurða, grjóthreinsun og fleiru nemur um 20% af áætluðum heildarkostnaði og 13% tengjast frágangi ræsa á öryggissvæðinu. Bent er á að það þarf að hanna sum þessara atriða fyrir framkvæmdir.

Á þessum kafla er mikill fjöldi tenginga að bæjum og ýmsum öðrum stöðum. Mjög víða þarf að mýkja fláa þvervegjar þar sem þessar tengingar koma inn á Hringveg. Það er mikilvægt að fjarlægja allar óþarfa tengingar og halda fjölda tenginga í lágmarki. Gert hefur verið ráð fyrir þessum lagfæringum í kostnaðaráætlun.

Á nokkrum stöðum eru jarðsímastaurar meðfram vegi sem gætu valdið hættu við útafakstur. Þetta á við víðar um land. Lagt er til að Vegagerðin ræði við símafyrirtæki um þessa staura og staðsetningu þeirra.

Ljóst er að áætlaður kostnaður við lagfæringar á vegfláa og uppsetningu vegriða er það mikill að núverandi fjarveitingar, sem eyrnamerkta eru til umferðaröryggisaðgerða, duga skammt. Leita þarf allra leiða til að fá meira fjármagn til lagfæringa á umhverfi vega.

Sjálfsagt er að byrja á mjög ódýrum en mikilvægum aðgerðum eins og fyllingu skurða, grjóthreinsun og lagfæringum á fláa þvervega og merkjapúða.

Af stærri aðgerðum lentu eftirfarandi í fyrsta forgangi, sjá nánar um úrbæturnar í fylgiskjali:

- 1\_m2. Setja upp flest vegrið, sjá fylgiskjal, eða 1.918 m og 24 vegriðsendar. Kostnaðaráætlun er 34,1 m.kr. og óvissuálag 10,2 m.kr. eða alls 44,3 m.kr.  
Laga vegfláa á 5 stöðum alls 3.950 m<sup>3</sup> og lengja ræsi á 3 stöðum alls 18 m og 3 ræsaendar. Kostnaðaráætlun er 4,9 m.kr. og óvissuálag 1,5 m.kr. eða alls 6,4 m.kr.
- 1\_m3. Setja upp vegrið frá stöð 7.290, 642 m og 2 vegriðsendar. Kostnaðaráætlun er 9,6 m.kr. og óvissuálag 2,9 m.kr. eða alls 12,5 m.kr.
- 1\_m4. Setja upp vegrið frá stöð 3.556, 2.792 m og 2 vegriðsendar. Kostnaðaráætlun er 39,7 m.kr. og óvissuálag 11,9 m.kr. eða alls 51,6 m.kr.  
Fjarlægja stóran stein við stöð 3.972.

# Umferðaröryggisúttekt vega



- 1\_m5. Setja upp vegrið frá stöð 7.296, 220 m og 2 vegriðsendar. Kostnaðaráætlun er 3,7 m.kr. og óvissuálag 1,1 m.kr. eða alls 4,8 m.kr.
- Lengja ræsi í stöð 3.325, 6 m og 1 ræsaendi, laga skurðbakka þar og í stöð 4.775. Kostnaðaráætlun er 0,5 m.kr. og óvissuálag 0,1 m.kr. eða alls 0,6 m.kr.

Af stærri aðgerðum lentu eftirfarandi í öðrum forgangi, sjá nánar um úrbæturnar í fylgiskjali:

- 1\_m2. Setja upp vegrið frá stöð 2.603, 103 m og 2 vegriðsendar. Kostnaðaráætlun er 2,0 m.kr. og óvissuálag 0,6 m.kr. eða alls 2,6 m.kr.
- Laga vegfláa á 2 stöðum alls 850 m<sup>3</sup>. Kostnaðaráætlun er 0,8 m.kr. og óvissuálag 0,2 m.kr. eða alls 1,0 m.kr.
- 1\_m3. Laga vegfláa í stöð 2.212 – 2.456, alls 1.500 m<sup>3</sup>. Kostnaðaráætlun er 1,4 m.kr. og óvissuálag 0,4 m.kr. eða alls 1,8 m.kr.
- 1\_m4. Lengja vegrið frá stöð 756 og 2.172, 364 m og 2 vegriðsendar. Kostnaðaráætlun er 5,7 m.kr. og óvissuálag 1,7 m.kr. eða alls 7,4 m.kr.
- 1\_m5. Laga vegfláa á 6 stöðum alls 1.800 m<sup>3</sup> og lengja ræsi á 3 stöðum alls 11 m og 3 ræsaendar. Kostnaðaráætlun er 2,6 m.kr. og óvissuálag 0,8 m.kr. eða alls 3,4 m.kr.

Í fylgiskjalinu er greint frá þremur atriðum sem tilheyra vegaáætlun en ekki öryggisaðgerðum. Það er ekki gerð kostnaðaráætlun fyrir þessi verk, en þau eru eftirfarandi:

- 1\_m2. Í stöð 0 eru vegamót Hringvegur og Skagastrandarvegur. Þessi gatnamót eru hættuleg sérstaklega fyrir umferðina á Skagastrandarvegi sem er að koma að vegamótunum. Ef eitthvað fer úrskeiðis geta ökutæki farið yfir vegamótin og svo tekur við hengiflug rétt við vegamótin. Það þyrfti að endurhanna vegamótin og er ein tillaga í fylgiskjalinu.
- 1\_m3.
- 1\_m4. Í stöð 250 – 400 er áningastaður sem er eitt svað. Sjá myndir og tillögu að aðgerð í fylgiskjalinu.
- 1\_m5. Í stöð 3.410 vantar ræsi í þverveg svo afvötnunin verði í lagi þarna.

## 6 Kostnaðaráætlun

Upp úr fylgiskjalinu voru búnir til verkþættir byggðir á verkþáttum í verkþáttaskrá Vega-gerðarinnar og reiknað magn á þá. Einingaverð eru að mestu fengin frá Fk-kerfi Vegagerðarinnar. Verðlag er miðað við vísitölu Vegagerðarinnar 152,29 (12.2012).

Kostnaðaráætlun fyrir kafla 1-m2 er sýnd í töflu 2 með 30 % óvissuálagi. Þessi kostnaðaráætlun er einungis um öryggisaðgerðir.

*Tafla 2 Magntaka og kostnaðaráætlun Hringvegjar kafla 1-m2*

Verkþættir	Magn	Eining	Einingaverð	Kostnaður		
Lengja ræsi, D≤1,5m	138	m	50.000	6.900.000		
Lengja ræsi, D>1,5m	0	m	100.000	0		
Ræsaendi, D≤1,5m	42	stk	90.000	3.780.000		
Ræsaendi, D>1,5m	0	stk	130.000	0		
Ræsi, neðra burðarlagsefni	350	m <sup>3</sup>	1.600	560.000		
Ræsi, fyllingarefni	700	m <sup>3</sup>	1.000	700.000	<b>11.940.000</b>	<b>15,2%</b>
Vegrið	2.777	m	14.000	38.878.000		
Vegriðsendar	36	stk	300.000	10.800.000	<b>49.678.000</b>	<b>63,4%</b>
Laga skurði	140	m	800	112.000		
Laga vegfláa	17.300	m <sup>3</sup>	900	15.570.000		
Grjóthreinsun	140	m	600	84.000		
Ýmislegt	1	HT	1.000.000	1.000.000	<b>16.766.000</b>	<b>21,4%</b>
<b>Samtals</b>				<b>78.384.000</b>		<b>100%</b>
Óvissa	30%			23.515.200		
<b>Alls</b>				<b>101.899.200</b>		

Kostnaðaráætlun fyrir kafla 1-m3 er sýnd í töflu 3 með 30 % óvissuálagi. Þessi kostnaðaráætlun er einungis um öryggisaðgerðir.

*Tafla 3 Magntaka og kostnaðaráætlun Hringvegjar kafla 1-m3*

Verkþættir	Magn	Eining	Einingaverð	Kostnaður		
Lengja ræsi, D≤1,5m	49	m	50.000	2.450.000		
Lengja ræsi, D>1,5m	0	m	100.000	0		
Ræsaendi, D≤1,5m	16	stk	90.000	1.440.000		
Ræsaendi, D>1,5m	0	stk	130.000	0		
Ræsi, neðra burðarlagsefni	125	m <sup>3</sup>	1.600	200.000		
Ræsi, fyllingarefni	250	m <sup>3</sup>	1.000	250.000	<b>4.340.000</b>	<b>8,2%</b>
Vegrið	2.351	m	14.000	32.914.000		
Vegriðsendar	16	stk	300.000	4.800.000	<b>37.714.000</b>	<b>71,3%</b>
Laga skurði	170	m	800	136.000		
Laga vegfláa	10.800	m <sup>3</sup>	900	9.720.000		
Grjóthreinsun	20	m	600	12.000		
Ýmislegt	1	HT	1.000.000	1.000.000	<b>10.868.000</b>	<b>20,5%</b>
<b>Samtals</b>				<b>52.922.000</b>		<b>100%</b>
Óvissa	30%			15.876.600		
<b>Alls</b>				<b>68.798.600</b>		

# Umferðaröryggisúttekt vega



Kostnaðaráætlun fyrir kafla 1-m4 er sýnd í töflu 4 með 30 % óvissuálagi. Þessi kostnaðaráætlun er einungis um öryggisaðgerðir.

**Tafla 4** Magntaka og kostnaðaráætlun Hringveggar kafla 1-m4

Verkþættir	Magn	Eining	Einingaverð	Kostnaður		
Lengja ræsi, D≤1,5m	30	m	50.000	1.500.000		
Lengja ræsi, D>1,5m	0	m	100.000	0		
Ræsaendi, D≤1,5m	13	stk	90.000	1.170.000		
Ræsaendi, D>1,5m	0	stk	130.000	0		
Ræsi, neðra burðarlagsefni	75	m <sup>3</sup>	1.600	120.000		
Ræsi, fyllingarefni	150	m <sup>3</sup>	1.000	150.000	<b>2.940.000</b>	<b>4,5%</b>
Vegrið	3.671	m	14.000	51.394.000		
Vegriðsendar	9	stk	300.000	2.700.000	<b>54.094.000</b>	<b>83,6%</b>
Laga skurði	400	m	800	320.000		
Laga vegfláa	7.400	m <sup>3</sup>	900	6.660.000		
Grjóthreinsun	370	m	600	222.000		
Ýmislegt	1	HT	500.000	500.000	<b>7.702.000</b>	<b>11,9%</b>
<b>Samtals</b>				<b>64.736.000</b>		<b>100%</b>
Óvissa	30%			19.420.800		
<b>Alls</b>				<b>84.156.800</b>		

Kostnaðaráætlun fyrir kafla 1-m5 er sýnd í töflu 5 með 30 % óvissuálagi. Þessi kostnaðaráætlun er einungis um öryggisaðgerðir.

**Tafla 5** Magntaka og kostnaðaráætlun Hringveggar kafla 1-m5

Verkþættir	Magn	Eining	Einingaverð	Kostnaður		
Lengja ræsi, D≤1,5m	140	m	50.000	7.000.000		
Lengja ræsi, D>1,5m	0	m	100.000	0		
Ræsaendi, D≤1,5m	37	stk	90.000	3.330.000		
Ræsaendi, D>1,5m	0	stk	130.000	0		
Ræsi, neðra burðarlagsefni	350	m <sup>3</sup>	1.600	560.000		
Ræsi, fyllingarefni	700	m <sup>3</sup>	1.000	700.000	<b>11.590.000</b>	<b>26,1%</b>
Vegrið	1.003	m	14.000	14.042.000		
Vegriðsendar	15	stk	300.000	4.500.000	<b>18.542.000</b>	<b>41,8%</b>
Laga skurði	940	m	800	752.000		
Laga vegfláa	14.200	m <sup>3</sup>	900	12.780.000		
Grjóthreinsun	360	m	600	216.000		
Ýmislegt	1	HT	500.000	500.000	<b>14.248.000</b>	<b>32,1%</b>
<b>Samtals</b>				<b>44.380.000</b>		<b>100%</b>
Óvissa	30%			13.314.000		
<b>Alls</b>				<b>57.694.000</b>		



# Umferðaröryggisúttekt vega



Kostnaðaráætlun fyrir kafla 1-m2 – m5 er sýnd í töflu 6 með 30 % óvissuálagi. Þessi kostnaðaráætlun er einungis um öryggisaðgerðir.

**Tafla 6** Magntaka og kostnaðaráætlun Hringvegur kafla 1-m2 - m5

Verkþættir	Magn	Eining	Einingaverð	Kostnaður		
Lengja ræsi, D≤1,5m	357	m	50.000	17.850.000		
Lengja ræsi, D>1,5m	0	m	100.000	0		
Ræsaendi, D≤1,5m	108	stk	90.000	9.720.000		
Ræsaendi, D>1,5m	0	stk	130.000	0		
Ræsi, neðra burðarlagsefni	900	m <sup>3</sup>	1.600	1.440.000		
Ræsi, fyllingarefni	1.800	m <sup>3</sup>	1.000	1.800.000	<b>30.810.000</b>	<b>12,8%</b>
Vegrið	9.802	m	14.000	137.228.000		
Vegriðsendar	76	stk	300.000	22.800.000	<b>160.028.000</b>	<b>66,6%</b>
Laga skurði	1.650	m	800	1.320.000		
Laga vegfláa	49.700	m <sup>3</sup>	900	44.730.000		
Grjóthreinsun	890	m	600	534.000		
Ýmislegt	1	HT	3.000.000	3.000.000	<b>49.584.000</b>	<b>20,6%</b>
<b>Samtals</b>				<b>240.422.000</b>		<b>100%</b>
Óvissa	30%			72.126.600		
<b>Alls</b>				<b>312.548.600</b>		

## Fylgiskjal

### Umferðaröryggisúttekt vega

#### 1-m2 Hringvegur

(20 blaðsíður)

#### 1-m3 Hringvegur

(10 blaðsíður)

#### 1-m4 Hringvegur

(9 blaðsíður)

#### 1-m5 Hringvegur

(20 blaðsíður)

# Umferðaröryggisúttekt vega



Veg- og kaflanr.	Vegheiti	Byrjun kaflans	Endir kaflans
1	m2	Hringvegur	Skagastrandarvegur (74-01) Hvammsvegur (7378-01)

## Aðstæður (B beggja megin, V: vinstra megin, H: hægra megin) (Lengd í m):

B.st.	E.st.	Lengd	Nöfn tákmynda	Gildi	Athugasemdir
0			Vegamót		Vegamót Hringvegur og Skagastrandarvegur. Þyrfti að endurhanna.
0			Vegamót	V	Vegamót við Skagastrandarveg. Kverkar í lagi.
18			Ýmislegt	V	Staur og tengibox.
162			Ýmislegt	V	Stuttur og sver jarðsímastaur.
369			Tenging	V	Túntenging. Kverkar í lagi.
378			Ýmislegt	V	Umferðargreinir?
633			Tenging	V	Óformuð tenging sem þó er greinilega notuð.
722			Ýmislegt	V	Jarðsímastaur (sver) sem þarf að fjarlægja.
745	782	37	Of brattur flái	H	Draga þarf úr bratta fláa. Forgangur 1.
748			Ýmislegt	V	Stubbur af girðingarstaur sem mætti fjarlægja.

Dagsetning gagna frá - til: 10.09.2013 15:26:38 - 11.09.2013 16:49:41

## Myndir:

--	--

## Úrbætur (V: vegaáætlun, Ö: öryggisaðgerð, skráist í aftasta dálk) (Lengd í m):

B.st.	E.st.	Lengd	Úrbætur	
0			Gera beygjurnar 2 austan vegamóta að einni beygju og þar með fæst öryggissvæði.	V
0				
18				
162			Ath. Mílu.	Ö
369				
378				
633				
722			Fjarlægja jarðsímastaur	Ö
745	782	37	Laga vegfláa. Flái verði 1:3. Forgangur 1. 300 m <sup>3</sup> .	Ö
748			Fjarlægja stubb af girðingarstaur.	Ö

# Umferðaröryggisúttekt vega



Veg- og kaflannr.	Vegheiti	Byrjun kaflans	Endir kaflans
1	m2	Hringvegur	Skagastrandarvegur (74-01)
			Hvamsvegur (7378-01)

## Aðstæður (B beggja megin, V: vinstra megin, H: hægra megin) (Lengd í m):

B.st.	E.st.	Lengd	Nöfn táknmynda	Gildi	Athugasemdir
808			Tenging	V	Tenging að einhverju óskilgreindu. Kverkar í lagi.
822	882	60	Vegrið vantar	H	Forgangur 1.
858	903	45	Vegrið vantar	V	Forgangur 1. Mjög slæmur staður.
901			Merkjapúði	H	Skiltapúði sem þarf að laga.
934			Tenging	H	Mjög víð og illa skilgreind tenging að efnisnámi.
1066			Tenging	H	Tenging. Óljóst hvert hún liggur.
1076			Vegamót	V	Mjög rúm tenging að Breiðavaði. Kverkar í lagi.
1097	1227	130	Of brattur flái	V	Hæð 4 m. Flái 1:2.
1116	1228	112	Of brattur flái	H	Draga þarf úr bratta fláa.
1383	1458	75	Vegrið vantar	H	Brattur flái, hár, brotinn. Nauðsynlegt að setja vegrið.
				Dagsetning gagna frá - til:	10.09.2013 15:26:38 - 11.09.2013 16:49:41

## Myndir:

--	--

## Úrbætur (V: vegaáætlun, Ö: öryggisaðgerð, skráist í aftasta dálk) (Lengd í m):

B.st.	E.st.	Lengd	Úrbætur	
808				
822	882	60	Setja upp vegrið $60 + 60 + 30 = 150$ m og tvo vegriðsenda. Forgangur 1.	Ö
858	903	45	Setja upp vegrið $30 + 45 + 60 = 135$ m og tvo vegriðsenda. Forgangur 1.	Ö
901			Laga fláa merkjapúða.	Ö
934				
1066				
1076				
1097	1227	130	Laga vegfláa. Flái verði 1:3. $1.000 \text{ m}^3$ .	Ö
1116	1228	112	Laga vegfláa. Flái verði 1:3. $900 \text{ m}^3$ .	Ö
1383	1458	75	Setja upp vegrið $60 + 75 + 30 = 165$ m og tvo vegriðsenda.	Ö

# Umferðaröryggisúttekt vega



Veg- og kaflanr.	Vegheiti	Byrjun kaflans	Endir kaflans
1	m2	Hringvegur	Skagastrandarvegur (74-01)
			Hvamsvegur (7378-01)

## Aðstæður (B beggja megin, V: vinstra megin, H: hægra megin) (Lengd í m):

B.st.	E.st.	Lengd	Nöfn tákmynda	Gildi	Athugasemdir
1411			Ýmislegt	V	Tvístæða (háspennustaurar) í 5 m fjarlægð frá akbrautarbrún, kantlínu. GPK reiknar út hvað vegriðið þarf að vera langt. Þarna vantar vegrið.
1548			Ýmislegt	V	Stuttur, sver, jarðsímastaur. Ræða við Mílu.
1586	1857	271	Vegrið vantar	H	Hár og brattur stallaður flái. Nauðsynlegt að setja vegrið. Forgangur 1.
1619			Ýmislegt	V	Óskilgreind útkeyrsla í vegfláa.
1781	1791	10	Grjót meðfram vegi	V	
1784			Ýmislegt	V	Óskilgreint járnbox. Tók 2 myndir.
1888	1946	58	Of brattur flái	V	Flái 4-5 m hár. Er stallaður. Þarf að laga hann. Að meðaltali 1:2. Slæmur staður. Forgangur 1. Hætta á stökkpallsáhrifum.
1989	2105	116	Of brattur flái	V	Fláin er 1:1,5 og 4 m hár.
2027	2077	50	Vegrið vantar	H	
2037			Óvarið ræsi ≤ 1,5 m	V	Lengja ræsi um 6 m vegna fláabreytingar.
Dagsetning gagna frá - til:					10.09.2013 15:26:38 - 11.09.2013 16:49:41

## Myndir:



1-m2\_1,784

## Úrbætur (V: vegaáætlun, Ö: öryggisaðgerð, skráist í aftasta dálk) (Lengd í m):

B.st.	E.st.	Lengd	Úrbætur	
1411			Setja upp 48 m vegrið (32 m áður en komið er að miðju stauranna og 16 m til viðbótar í framhaldinu, miðað við akstursstefnu) og tvo vegriðsenda.	Ö
1548			Ath. Mílu.	Ö
1586	1857	271	Setja upp vegrið 60 + 271 + 30 = 361 m og tvo vegriðsenda. Forgangur 1.	Ö
1619				
1781	1791	10	Fjarlægja grjótið.	Ö
1784			Ath. Málið, sjá mynd.	Ö
1888	1946	58	Laga vegfláa. Flái verði 1:3. Forgangur 1 <b>600 m<sup>3</sup></b> .	Ö
1989	2105	116	Laga vegfláa. Flái verði 1:3. <b>1.400 m<sup>3</sup></b> .	Ö
2027	2077	50	Setja upp vegrið 60 + 50 + 30 = 140 m og tvo vegriðsenda.	Ö
2037			Lengja ræsið um 6 m.	Ö



# Umferðaröryggisúttekt vega



Veg- og kaflanr.	Vegheiti	Byrjun kaflans	Endir kaflans
1	m2	Hringvegur	Hvamsvegur (7378-01)

## Aðstæður (B beggja megin, V: vinstra megin, H: hægra megin) (Lengd í m):

B.st.	E.st.	Lengd	Nöfn táknmynda	Gildi	Athugasemdir
2277	2465	188	Vegrið vantar	H	Forgangur 1.
2335			Óvarið ræsi ≤ 1,5 m	V	Lengja um 1-2 m og fylla yfir. Laga vegfláa.
2443			Óvarið ræsi ≤ 1,5 m	V	Lítið ræsi. Lengja um 3 m og fylla yfir. Fjarlægja tvo steina.
2481			Tenging	V	Aflögð túntenging. Fjarlægja tengingu. Kverk slæm öðrum megin.
2509			Tenging	V	Tenging að Björnólfsstöðum. Kverkar í lagi.
2603	2616	13	Vegrið vantar	H	Forgangur 2-3. Grasgil.
2915			Tenging	H	
3000	3022	22	Grjót meðfram vegi	V	
3008	3031	23	Vegrið vantar	H	Forgangur 1.
3025			Óvarið ræsi ≤ 1,5 m	V	Lengja ræsi um 6 m og fylla yfir.

Dagsetning gagna frá - til: 10.09.2013 15:26:38 - 11.09.2013 16:49:41

## Myndir:

--	--

## Úrbætur (V: vegaáætlun, Ö: öryggisaðgerð, skráist í aftasta dálk) (Lengd í m):

B.st.	E.st.	Lengd	Úrbætur	
2277	2465	188	Setja upp vegrið $60 + 188 + 30 = 278$ m og tvo vegriðsenda. Forgangur 1.	Ö
2335			Lengja ræsið um 2 m. Laga vegfláa.	Ö
2443			Lengja ræsið um 3 m. Fjarlægja tvo steina.	Ö
2481			Fjarlægja tengingu.	Ö
2509				
2603	2616	13	Setja upp vegrið $60 + 13 + 30 = 103$ m og tvo vegriðsenda. Forgangur 2-3.	Ö
2915				
3000	3022	22	Fjarlægja grjótið.	Ö
3008	3031	23	Setja upp vegrið $60 + 23 + 30 = 113$ m og tvo vegriðsenda. Forgangur 1.	Ö
3025			Lengja ræsið um 6 m og fylla yfir.	Ö

# Umferðaröryggisúttekt vega



Veg- og kaflanr.	Vegheiti	Byrjun kaflans	Endir kaflans
1	m2	Hringvegur	Skagastrandarvegur (74-01)
			Hvamsvegur (7378-01)

## Aðstæður (B beggja megin, V: vinstra megin, H: hægra megin) (Lengd í m):

B.st.	E.st.	Lengd	Nöfn táknmynda	Gildi	Athugasemdir
3047			Ýmislegt		V Útafkeyrsla að hestagerði. Getur ekki kallast tenging. Engar kverkar.
3319	3343	24	Vegrið vantar		H Forgangur 1.
3332	3358	26	Vegrið vantar		V Ef ekki má fjarlægja brú þarf að setja upp vegrið.
3337			Óvarið ræsi ≤ 1,5 m		V Ræsið er plöturæsi, 1,30 (á breidd) *1,70 (á hæð). GPK leggur til að gamla brúin sem þarna er verði fjarlægð og ræsið verði lengt um 9 m og fyllt yfir með efni úr vegstubb að brú. AÞÁ taldi að þarna þyrfti vegrið. Tók myndir.
3371			Tenging		V Túntenging að Ystagili. Laga kverk Blönduósmegin.
3527	3592	65	Vegrið vantar		H Forgangur 1.
3544	3629	85	Óvarið ræsi ≤ 1,5 m		V Hæð 4-5m. Flái 1:1,5. Slæmur staður. Forgangur 1 í sambandi við fláa.
3550			Óvarið ræsi ≤ 1,5 m		V Lengja ræsið um allavega 6 m.
3750			Tenging		H
3758			Tenging		V Túntenging., Í lagi með kverkar.

Dagsetning gagna frá - til: 10.09.2013 15:26:38 - 11.09.2013 16:49:41

## Myndir:



1-m2\_3,332



1-m2\_3,332

## Úrbætur (V: vegaáætlun, Ö: öryggisáðgerð, skráist í aftasta dálk) (Lengd í m):

B.st.	E.st.	Lengd	Úrbætur	
3047				
3319	3343	24	Setja upp vegrið 60 + 24 + 30 = 114 m og tvo vegriðsenda. Forgangur 1.	Ö
3332	3358	26	Setja upp vegrið 30 + 26 + 60 = 116 m og tvo vegriðsenda.	Ö
3337			Fjarlægja gamla brú vegna hættu sem frá henni stafar og lengja ræsið, annars verður að setja upp vegrið þarna, sjá myndir.	Ö
3371			Laga kverk öðrum megin.	Ö
3527	3592	65	Setja upp vegrið 60 + 65 + 30 = 155 m og tvo vegriðsenda. Forgangur 1.	Ö
3544	3629	85	Laga vegfláa. Flái verði 1:3. Forgangur 1. <b>1.300 m<sup>3</sup></b> .	Ö
3550			Lengja ræsið um 6 m.	Ö
3750				
3758				

# Umferðaröryggisúttekt vega



Veg- og kaflannr.	Vegheiti	Byrjun kaflans	Endir kaflans
1	m2	Hringvegur	Hvamsvegur (7378-01)

## Aðstæður (B beggja megin, V: vinstra megin, H: hægra megin) (Lengd í m):

B.st.	E.st.	Lengd	Nöfn táknmynda	Gildi	Athugasemdir
3944	4079	135	Vegrið vantar	H	Forgangur 1.
3956			Óvarið ræsi ≤ 1,5 m	V	Lengja ræsi um 2 m og fylla yfir.
4036			Óvarið ræsi ≤ 1,5 m	V	Lengja um 2 m og laga vegfláa og skurðbakka.
4143			Tenging	V	Túntenging. Kverkar í lagi.
4229			Tenging	H	Nýleg túntenging með grófu efni. Á planinu eru heyrúllur geymdar.
4265			Tenging	V	Tenging að skemmu. Í lagi með kverkar.
4333	4379	46	Vegrið vantar	V	Forgangur 1. Hátt og bratt. Svo koma 90 m til viðbótar.
4343	4392	49	Vegrið vantar	H	Forgangur 1.
4455			Tenging	V	Í lagi með kverkar. Túntenging.
4643	4675	32	Vegrið vantar	H	Forgangur 1.

Dagsetning gagna frá - til: 10.09.2013 15:26:38 - 11.09.2013 16:49:41

## Myndir:

--	--

## Úrbætur (V: vegaáætlun, Ö: öryggisaðgerð, skráist í aftasta dálk) (Lengd í m):

B.st.	E.st.	Lengd	Úrbætur	
3944	4079	135	Setja upp vegrið $60 + 135 + 30 = 225$ m og tvo vegriðsenda. Forgangur 1.	Ö
3956			Lengja ræsið um 2 m.	Ö
4036			Lengja ræsið um 2 m og laga vegfláa og skurðbakka.	Ö
4143				
4229			Það á ekki að stafla heyrúllum innan vegsvæðis.	Ö
4265				
4333	4379	46	Setja upp vegrið $30 + 46 + 60 = 136$ m og tvo vegriðsenda. Forgangur 1.	Ö
4343	4392	49	Setja upp vegrið $60 + 49 + 30 = 139$ m og tvo vegriðsenda. Forgangur 1.	Ö
4455				
4643	4675	32	Setja upp vegrið $60 + 32 + 30 = 122$ m og tvo vegriðsenda. Forgangur 1.	Ö

# Umferðaröryggisúttekt vega



Veg- og kaflannr.	Vegheiti	Byrjun kaflans	Endir kaflans
1	m2	Hringvegur	Skagastrandarvegur (74-01)
			Hvamsvegur (7378-01)

## Aðstæður (B beggja megin, V: vinstra megin, H: hægra megin) (Lengd í m):

B.st.	E.st.	Lengd	Nöfn táknmynda	Gildi	Athugasemdir
4667			Óvarið ræsi ≤ 1,5 m	V	Lengja ræsið um 3 m og laga vegfláa.
4835			Ýmislegt	V	Jarðsímastaurar, tvö stk.
5121			Tenging	H	
5159	5198	39	Vegrið vantar	H	Forgangur 1.
5185	5223	38	Of brattur flái	V	
5190			Stakir steinar	V	
5195			Óvarið ræsi ≤ 1,5 m	V	Stálræsi. Lengja þarf ræsið um 2-3 m vegna vegfláa.
5212			Stakir steinar	V	Verður að fjarlægja.
5248			Tenging	H	
5258			Tenging	V	Túntenging. Kverkar í lagi.
				Dagsetning gagna frá - til:	10.09.2013 15:26:38 - 11.09.2013 16:49:41

## Myndir:

--	--

## Úrbætur (V: vegaáætlun, Ö: öryggisaðgerð, skráist í aftasta dálk) (Lengd í m):

B.st.	E.st.	Lengd	Úrbætur	
4667			Lengja ræsið um 3 m og laga vegfláa.	Ö
4835			Ath. Mílu.	Ö
5121				
5159	5198	39	Setja upp vegrið 60 + 39 + 30 = 129 m og tvo vegriðsenda. Forgangur 1.	Ö
5185	5223	38	Laga vegfláa. Flái verði 1:3. 300 m <sup>3</sup> .	Ö
5190			Fjarlægja steinana.	Ö
5195			Lengja ræsið um 3 m.	Ö
5212			Fjarlægja steinana.	Ö
5248				
5258				



# Umferðaröryggisúttekt vega



Veg- og kaflannr.	Vegheiti	Byrjun kaflans	Endir kaflans
1	m2	Hringvegur	Hvamsvegur (7378-01)

## Aðstæður (B beggja megin, V: vinstra megin, H: hægra megin) (Lengd í m):

B.st.	E.st.	Lengd	Nöfn tákmynda	Gildi	Athugasemdir
5283	5396	113	Of brattur flái	H	Lengja þarf lítið ræsi í leiðinni. Hæð fláa 3 m.
5309			Óvarið ræsi ≤ 1,5 m	V	Steinrör. Lengja um 1-2 m og laga vegfláa.
5334			Stakir steinar	V	Fjarlægja stein.
5353			Stakir steinar	V	Í jaðri öryggissvæðis.
5472	5540	68	Of brattur flái	H	Hæð fláa 2,5 m.
5488			Óvarið ræsi ≤ 1,5 m	V	Lengja ræsi um 1-2 m og laga vegfláa.
5607	5698	91	Of brattur flái	H	Er ræsi á kaflanum en óvíst er að það þurfi að lengja.
5607	5698	91	Of brattur flái	V	Hæð 3 m. Flái 1:1,5-1:2.
5635			Óvarið ræsi ≤ 1,5 m	V	Væntanlega þarf að lengja ræsið um leið og vegfláinn er lagaður.
5723			Ýmislegt	V	Staur fyrir tengibox fyrir síma, líklega. Líklega í lagi. Er langt frá.
<b>Dagsetning gagna frá - til:</b>					10.09.2013 15:26:38 - 11.09.2013 16:49:41

## Myndir:

--	--

## Úrbætur (V: vegaáætlun, Ö: öryggisaðgerð, skráist í aftasta dálk) (Lengd í m):

B.st.	E.st.	Lengd	Úrbætur	
5283	5396	113	Laga vegfláa. Flái verði 1:3. Lengja ræsið um 2 m. <b>700 m<sup>3</sup></b> .	Ö
5309			Steinrör. Lengja rörið um 2 m og laga vegfláa.	Ö
5334			Fjarlægja steininn.	Ö
5353			Fjarlægja steinana.	Ö
5472	5540	68	Laga vegfláa. Flái verði 1:3. <b>450 m<sup>3</sup></b> .	Ö
5488			Lengja ræsið um 2 m og laga vegfláa.	Ö
5607	5698	91	Laga vegfláa. Flái verði 1:3. <b>600 m<sup>3</sup></b> .	Ö
5607	5698	91	Laga vegfláa. Flái verði 1:3. <b>600 m<sup>3</sup></b> .	Ö
5635			Lengja ræsið um 2 m.	Ö
5723				

# Umferðaröryggisúttekt vega



Veg- og kaflanr.	Vegheiti	Byrjun kaflans	Endir kaflans
1	m2	Hringvegur	Hvammsvegur (7378-01)

## Aðstæður (B beggja megin, V: vinstra megin, H: hægra megin) (Lengd í m):

B.st.	E.st.	Lengd	Nöfn táknmynda	Gildi	Athugasemdir
5835			Vegamót	H	Vegamót við Glaumbæ. Laga kverk, sunnan (austan) tengingar.
5838			Tenging	V	Túntenging. Kverkar Ok.
5846			Óvarið ræsi ≤ 1,5 m	H	Lengja ræsi um 2 - 3 m og fylla undir það og laga fláa.
5848			Óvarið ræsi ≤ 1,5 m	V	Lengja ræsi um 2 m og fylla yfir. Laga vegfláa. Þvermál 0,7-0,8 m.
5946			Ýmislegt	V	Jarðsímastaur. Tala við Mílu.
6035			Tenging	H	
6190			Tenging	V	Túntenging. Kverkar í lagi.
6220			Tenging	V	Túntenging. Laga kverkar báðum megin.
6224			Tenging	H	Túntenging. Laga má kverkar báðum megin.
6298			Tenging	V	Túntenging. Laga kverkar báðum megin og lengja ræsi í þvervegi.

Dagsetning gagna frá - til: 10.09.2013 15:26:38 - 11.09.2013 16:49:41

## Myndir:

--	--

## Úrbætur (V: vegaáætlun, Ö: öryggisaðgerð, skráist í aftasta dálk) (Lengd í m):

B.st.	E.st.	Lengd	Úrbætur	
5835			Laga kverk öðrum megin.	Ö
5838				
5846			Lengja ræsið um 3 m og fylla undir það og laga fláa.	Ö
5848			Lengja ræsið um 2 m. Laga vegfláa.	Ö
5946			Ath. Mílu.	Ö
6035				
6190				
6220			Laga kverkar báðum megin.	Ö
6224			Laga kverkar báðum megin.	Ö
6298			Laga kverkar báðum megin og lengja ræsið í þvervegi um 4 m.	Ö

# Umferðaröryggisúttekt vega



Veg- og kaflanr.	Vegheiti	Byrjun kaflans	Endir kaflans
1	m2	Hringvegur	Skagastrandarvegur (74-01)
			Hvamsvegur (7378-01)

## Aðstæður (B beggja megin, V: vinstra megin, H: hægra megin) (Lengd í m):

B.st.	E.st.	Lengd	Nöfn tákmynda	Gildi	Athugasemdir
6428			Tenging	H	Túntenging sem lokast vegna vegriðs.
6430			Ýmislegt	H	Rafmagnskassi sem þarf að athuga. Lendir á bak við vegrið.
6432	6493	61	Vegrið vantar	H	
6449			Óvarið ræsi ≤ 1,5 m	V	Lengja ræsi um 2-3 m og laga vegfláa. Fylla vel yfir ræsi.
6456			Ýmislegt	V	Jarðsímastaur. Ath. Mílu. Á svipuðum stað er staur fyrir ljósleiðara. Staurinn er í sverasta lagi.
6489			Vegamót	V	Tenging að Frestagili. Laga kverk, sunnan við.
6498			Óvarið ræsi ≤ 1,5 m	V	Lengja um 1 m og laga flái.
6509			Tenging	H	
6511			Tenging	V	Túntenging í grennd við Fremstagil, laga kverk norðan við (Blönduósmegin).
6794			Tenging	V	Túntenging. Laga má kverkar aðeins.

Dagsetning gagna frá - til: 10.09.2013 15:26:38 - 11.09.2013 16:49:41

## Myndir:

--	--

## Úrbætur (V: vegaáætlun, Ö: öryggisaðgerð, skráist í aftasta dálk) (Lengd í m):

B.st.	E.st.	Lengd	Úrbætur	
6428				
6430			Rafmagnskassi sem þarf að athuga. Lendir á bak við vegrið.	Ö
6432	6493	61	Setja upp vegrið 60 + 61 + 30 = 151 m og tvo vegriðsenda	Ö
6449			Lengja ræsið um 3 m og laga vegfláa. Fylla vel yfir ræsi.	Ö
6456			Ath. Mílu	Ö
6489			Laga kverk öðrum megin.	Ö
6498			Lengja ræsið um 1 m og laga fláa.	Ö
6509				
6511			Laga kverk öðrum megin.	Ö
6794			Laga má kverkar aðeins	Ö

# Umferðaröryggisúttekt vega




Veg- og kaflanr.	Vegheiti	Byrjun kaflans	Endir kaflans
1	m2	Hringvegur	Hvamsvegur (7378-01)

## Aðstæður (B beggja megin, V: vinstra megin, H: hægra megin) (Lengd í m):

B.st.	E.st.	Lengd	Nöfn tákmynda	Gildi	Athugasemdir
6795			Tenging	H	Tenging líklega að á. Laga þarf kverkar beggja vegna.
6930			Óvarið ræsi ≤ 1,5 m	H	Lengja þarf ræsi um 6 m. Bratt niður að því. Laga þarf fláa í kringum ræsið.
6930	7036	106	Skurður við veg	V	Laga vegfláa og skurðbakka.
6932			Óvarið ræsi ≤ 1,5 m	V	Lítið ræsi. Lengja um 2 m og laga vegfláa. Tók myndir.
7040			Tenging	H	Túntenging. OK með kverkar.
7077			Tenging	V	Túntenging. Kverkar í lagi.
7087	7318	231	Skurður við veg	V	Skurður við veg. Laga fláa beggja vegna.
7234			Óvarið ræsi ≤ 1,5 m	V	Lengja þarf ræsi um 1-2 m og laga skurðbakka á þverskurði beggja vegna.
7235			Óvarið ræsi ≤ 1,5 m	H	Lengja þarf ræsi um 6 m. Hugsanlega má sameina það ræsi undir vegi milli túna.
7344			Tenging	V	Túntenging. Kverkar í lagi.

Dagsetning gagna frá - til: 10.09.2013 15:26:38 - 11.09.2013 16:49:41

## Myndir:

	
1-m2_6,932	1-m2_6,930

## Úrbætur (V: vegaáætlun, Ö: öryggisaðgerð, skráist í aftasta dálk) (Lengd í m):

B.st.	E.st.	Lengd	Úrbætur	
6795			Laga kverkar báðum megin.	Ö
6930			Lengja ræsið um 6 m. Laga þarf fláa í kringum ræsið.	Ö
6930	7036	106	Laga skurðbakka. Flái verði 1:3 vegmegin og hinn bakkinn verði 1:2, sjá mynd.	Ö
6932			Lengja ræsið um 2 m og laga vegfláa, sjá mynd.	Ö
7040				
7077				
7087	7318	231	Laga skurðbakka. Flái verði 1:3 vegmegin og hinn bakkinn verði 1:2.	Ö
7234			Lengja ræsið um 2 m og laga skurðbakka á þverskurði beggja vegna.	Ö
7235			Lengja ræsið um 6 m. Hugsanlega má sameina það ræsi undir vegi milli túna.	Ö
7344				



# Umferðaröryggisúttekt vega



Veg- og kaflanr.	Vegheiti	Byrjun kaflans	Endir kaflans
1	m2	Hringvegur	Skagastrandarvegur (74-01)
			Hvamsvegur (7378-01)

## Aðstæður (B beggja megin, V: vinstra megin, H: hægra megin) (Lengd í m):

B.st.	E.st.	Lengd	Nöfn táknmynda	Gildi	Athugasemdir
7350	7498	148	Skurður við veg	V	Nýr skurður sem verið er að grafa. Laga bakka beggja vegna.
7499			Óvarið ræsi $\leq 1,5$ m	V	Lengja ræsi um 3 m og laga vegfláa.
7636			Ýmislegt	V	Jarðsímastaur sem þarf að fjarlægja. Tala við Mílu.
7750			Stakir steinar	H	
7770			Tenging	H	Laga kverk austan megin.
7779			Stakir steinar	V	Stór steinn í jaðri aukins öryggissvæðis. Annar í grennd.
7869	7878	9	Grjót meðfram vegi	V	Holtagrjót með fram vegi, m.a. einn stór steinn.
7895			Stakir steinar	V	Taka stein.
7975			Ýmislegt	V	Hrísla sem mætti fjarlægja.
8098	8187	89	Of brattur flái	H	Tveggja m. hár flái. Forgangur 2.
Dagsetning gagna frá - til:					10.09.2013 15:26:38 - 11.09.2013 16:49:41

## Myndir:

--	--

## Úrbætur (V: vegaáætlun, Ö: öryggisaðgerð, skráist í aftasta dálk) (Lengd í m):

B.st.	E.st.	Lengd	Úrbætur	
7350	7498	148	Laga skurðbakka. Flái verði 1:3 vegmegin og hinn bakkinn verði 1:2.	Ö
7499			Lengja ræsið um 3 m og laga vegfláa.	Ö
7636			Tala við Mílu.	Ö
7750			Fjarlægja grjótið.	Ö
7770			Laga kverk öðrum megin.	Ö
7779			Fjarlægja grjótið.	Ö
7869	7878	9	Fjarlægja grjótið.	Ö
7895			Fjarlægja steininn.	Ö
7975			Hrísla sem mætti fjarlægja.	Ö
8098	8187	89	Laga vegfláa. Flái verði 1:3. Forgangur 2. 250 m <sup>3</sup> .	Ö

# Umferðaröryggisúttekt vega





Veg- og kaflanr.	Vegheiti	Byrjun kaflans	Endir kaflans
1	m2	Hringvegur	Skagastrandarvegur (74-01)
			Hvamsvegur (7378-01)

## Aðstæður (B beggja megin, V: vinstra megin, H: hægra megin) (Lengd í m):

B.st.	E.st.	Lengd	Nöfn tákmynda	Gildi	Athugasemdir
8128			Stakir steinar	V	Fjarlægja stein.
8160			Óvarið ræsi ≤ 1,5 m	H	Lengja ræsi um 3 m.
8161			Óvarið ræsi ≤ 1,5 m	V	Lengja um 1-2 m og laga vegfláa.
8170			Tenging	V	Túntenging. Laga kverkar beggja vegna., sem eru vondar.
8174	8217	43	Of brattur flái	V	Tveggja m. hár. Flái 1:2.
